

talsmannslaun, en kr. 15.900 er útlagður kostnaður vegna málsóknar stefnanda.

Stefndi greiði kr. 165.900 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Eypóri Þórðarsyni vélstjóra og Sigurbirni Pálssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Runólfur Sölvason, greiði stefnanda, Húnboga Þorleifssyni f. h. ólögráða sonar síns, Ásgeirs, kr. 527.135 ásamt 9% ársvöxtum frá 26. júní 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 165.900, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Stefndi greiði kr. 165.900 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 8/1979.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Pétri Sigurðssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kváðu upp Þorvarður K. Þorsteinsson bæjarfógeti ásamt samdómurunum Símoni Helgasyni og Einari Jóhannssyni fyrrv. skipstjórum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson skólastjóri markað á sjóupprátt staði b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, samkvæmt mælingum, er starfsmenn Landhelgisgæslunnar framkvæmdu úr gæsluflugvél, sem flaug yfir togaranum árla morguns 12. apríl 1978, svo og stað v/s Þórs við togarann nokkru síðar sama morgun. Þá er bannsvæði það, sem togarinn er talinn hafa verið á, markað á uppdráttinn samkvæmt reglugerð nr. 415/1976.

Í bréfi skólastjórans 7. maí 1979 segir m. a. svo:

„Í kortinu eru:

I = staður TF-SÝR yfir togaranum kl. 0420 h. 12.04.78.

Staður I mælist um 5,3 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

II = staður TF-SÝR yfir togaranum kl. 0434.

Staður II mælist um 3,8 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

III = staður TF-SÝR yfir togaranum kl. 0500.

Staður III mælist um 1,1 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

Þá hef ég sett út í kortið stað v/s Þórs við togarann kl. 0717 h. 12.04.78, staður IV, sem mælist um 0,7 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

Hraði togarans milli mælistaða flugvélarinnar reiknast mér:

Milli I og II um 5,9 sjóm.

— II — III — 7,3 —

Þess ber að gæta, að kortið er í litlum mælikvarða, og því má gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðaútreikningunum.“

Samkvæmt rannsóknargögnum verður að telja atferli þeirra, er fóru með stjórn á b/v Elínu Þorbjarnardóttur hinn 12. apríl 1978, það, er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, fela í sér veiðiaðgerð í skilningi laga nr. 81/1976. Því er að vísu eigi hnekkt, að ákærði hafi verið sofandi, er hafist var

handa um veiði, en hann ber eindregna fjársektarábyrgð á því, er skip hans stundar ólöglegar veiðar innan fiskveiðimarkanna, sbr. dóma Hæstaréttar í Hrd. XLI, bls. 212, og XLII, bls. 980 og 1281. Eru lög nr. 81/1976 reist á þeirri lagastefnu. Með vísun til þessa ber að refsa ákærða samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 2. mgr. 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 263/1977 og 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, svo og samkvæmt 2. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976.

Skip það, er ákærði var skipstjóri á, b/v Elín Þorbjarnardóttir, ÍS 700, er 375 rúmlestir og 51.12 m að lengd, svo sem segir í héraðsdómi.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands 24. október 1979 jafngilda 100 gullkrónur 21.270.78 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt, 4.200.000 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands. Eigi er sýnt fram á, að ákærði eigi saknæman hlut að fiskveiðibroti því, sem að framan er fjallað um, og verður honum því eigi dæmd vara-refsing, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, er breytir 53. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 ber að gera andvirði afla og veiðarfæra b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Karl Pétur Sigurðsson, greiði 4.200.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Andvirði afla og veiðarfæra b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, skulu upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslu 14. apríl 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 13. apríl 1978, höfðað á hendur Karli Pétri Sigurðssyni, Hjallavegi 11 á Suðureyri, fæddum 29. júlí 1942 í Kúvíkum í Árneshreppi, Strandasýslu, skipstjóra á togaranum Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS 700, fyrir fiskveiðibrot „með því aðfararnótt miðvikudagsins 12. apríl 1978 að vera á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 375 brúttórúmllestir og 51.12 metrar að lengd, norður af Kögri á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 2. mgr., 2. tölul., 1. gr. reglugerðar um friðunarsvæði við Ísland nr. 415/1976, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 263/1977, svo og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög um breytingu á þeim lögum nr. 45/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81/1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með taldir dragstrengir, svo og öllum aflu og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, Karl Pétur Sigurðsson, telst sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði hlotið refsingu sem hér segir:

1960 29/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1967 29/6 í Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt fyrir brot á 3. grein áfengisлага og 38. gr. tollлага.

Málavextir eru þeir skv. skýrslu Guðmundar Kjærsted, skipherra á flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SÝR, dags. 12. apríl 1978, flaug Landhelgisgæsluvélin TF-SÝR yfir b/v Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS-700, hinn sama dag, „sem var með botnvörpu í sjó inn á friðaða svæðinu N af Kögri.“ Nánari atvik voru, að „kl. 04.20 var flogið yfir skuttogarann ÍS-700, staður Loran C

S.L.-3Y 46638, SL-3Z 62503 (staður I), er gefur stað togarans um 5,6 sml. fyrir innan fiskveiðimörkin í friðarhólfinu N af Kögri. Sást, að togarinn var með vörpu í sjó og hélt í V-læga stefnu.

Kl. 04.24 var flogið yfir togarann og samtímis mæld fjarlægð í Kögur með radar, reyndist hún vera 37 sml. Kl. 04.34, var staðarákvörðun endurtekin yfir togaranum. Loran C SL-3Y 46629, SL-3Z 6250 (staður II), gefur það stað togarans um 4,0 sml. fyrir innan fiskveiðimörkin.

Kl. 05.00 var staðarákvörðun endurtekin Loran C SL 3Y 46608, SL-3Z 62500 (staður III), gefur það stað togarans um 1,5 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Var nú haft samband við ÍS-700 á V.H.F. og skipstjóri spurður um, hvaða veiðarfæri hann væri með í sjó. Sagðist hann vera með botnvörpu, en hlerar væru í gálgum. Var honum bent á, að hann væri inni á friðaða svæðinu. Sagði hann ástæðuna vera þá, að stýrimaður hefði ætlað að kasta vörpunni, en Lóran sinn væri ekki í góðu lagi. Hefði hann þá séð togara nokkuð langt V af sér, hefði hann því ákveðið að kippa vestar, áður en hann slakaði meiru út, en í því hefði flugvélin komið yfir skipið. Voru nú Loranar togarans og flugvélarinnar bornir saman, og virtust þeir eins.

Kl. 05.39 var flogið yfir v/s Þór og Loran og radar flugvélarinnar bornir saman við tæki varðskipsins, og reyndust þau eins.

Veður: hægviðri, lítilsháttar él, gott skyggni.“

Gæslumenn um borð í TF-SÝR höfðu samband í gegnum talstöð við v/s Þór og báðu um aðstoð við töku togarans, sem var veitt.

Klukkan 0720 þann sama dag fóru varðskipsmenn af Þór um borð í b/v Elínu Þorbjarnardóttur, og skv. skýrslu Bjarna Ó. Helgasonar skipherra „kom þá í ljós, að toghlerar, togvívar, bobbíngar, grandaravírar, skutrenna og þilfar voru fægð. Var greinilegt, að ekki var langt síðan veiðarfæri höfðu verið innbyrt. Enginn fiskur var á þilfari né heldur í fiskmóttöku, hins vegar fundust tveir lifandi krabbar.

Þegar varðskipsmenn voru að fara frá borði, sást, að smávegis ryð var að falla á ofangreinda hluti.“

Guðmundur Kjærnested skipherra mætti hér fyrir dómi og staðfesti skýrslu sína. Hann kvaðst hafa séð víra togarans þanda í sjó eins og í venjulegri togstefnu. Hann kvaðst ekki hafa kannað veiðarfæraútbúnað skipsins frekar, en snúið sér að staðar-

ákvörðunum, sem hann vann að ásamt flugstjóra vélarinnar, 1. stýrimanni og loftskammtamanni. Að þeim loknum hafi verið haft samband við togarann og hafi skipstjóri hans sagt, að hlerar væru í gálgum. Guðmundur kveðst hafa kannað þetta og séð, að hlerar voru í gálgum, en varpan hafi flotið í kjölvatni skipsins 50 til 100 faðma fyrir aftan það. Skipið hafi þá verið á um 8 sjóm hraða, en fyrst er komið var að því, hafi sér virst það á líklegri togferð. Skipstjórinn hafi innbyrt vörpuna að sinni beiðni og hafi hann fylgst með, er hún var innbyrt. Ekki hafi sést umtalsverður fiskur í vörpunni, ef hann hafi verið nokkur. En erfitt sé að fullyrða um slíkt, þar eð hann hafi séð þetta við ljós og þar eð húðir á poka og fiskur sé mjög líkt á lit við þau skilyrði, geti hann ekki fullyrt, að hann hafi séð fisk, þá hann hafi talið sig sjá hann. Ekkert hafi verið í pokanum, er hann sá hann útbreiddan á dekki. Ekki hafi verið unnt að fylgjast samfellt með atburðarás úr flugvélinni. Hann kvað skipverja togarans hafa farið eftir fyrirmælum sínum, er varpan var innbyrt. Vitnið Pálmi Hlökkversson, 1. stýrimaður á TF-SÝR, staðfesti skýrslu skipherra hér fyrir dómi og kvað hana rétta. Hann kvaðst hafa séð víra togarans í sjó, fyrst er komið var að togaranum, og síðar vörpuna fljóta í sjávarskorpunni nokkuð fyrir aftan togarann. Hann kvaðst hafa séð toghlera togarans í gálgum, nokkuð áður en skipstjóri hans upplýsti áhöfn flugvélarinnar um það. Hann kvaðst hafa séð, er varpa togarans var dregin inn og hafi verið ánetjaður fiskur í vörpunni, síðar, er pokinn lá flatur á þilfari, hafi hann engan fisk séð. Ekki varð hann þess var, að reynt væri að hylja hugsanleg vegsummerki.

Vitnið Guðjón Benedikt Jónsson, yfirflugstjóri á TF-SÝR, staðfesti skýrslu skipherra hér fyrir dómi. Hann kvaðst hafa séð víra togarans í sjó í fyrsta aðflugi, en ekki veitti hann athygli hlerum skipsins. Vörpuna sá hann á yfirborði sjávar í síðari aðflugum. Er varpan var komin að skut skipsins, kvaðst hann hafa séð ljósa bletti í vörpunni, en hvað það hafi verið, treysti hann sér ekki til að segja um. Frá því að varpan var í skutrennu togarans þar til hún lá flöt á dekki, hafi liðið u. þ. b. 3 mín. Flughæð vélarinnar kvað hann hafa verið 150 til 200 fet og flughraða 140 hnúta og lýst hafi verið upp með ljóskastara.

Reynir Björnsson, loftskammtamaður á TF-SÝR, mætti fyrir dómi og staðfesti skýrslu skipherra. Hann kvaðst hafa séð í þriðja aðflugi vélarinnar, kl. 0430, vírana aftur úr togaranum og dauði leggurinn hafi þá hangið niður úr vírunum, sem lágu hátt í sjó.

Þegar búið var að innbyrða vörpuna, þá hafi hann verið frá leystur pokinn og nokkrir tugir hafi verið ánetjaðir í pokanum. Ekki kvaðst hann hafa séð annan fisk en ánetjaðan, og ekki varð hann þess var, að skipverjar væru að fjarlægja fisk úr vörpunni.

Ákærði, sem er skipstjóri á b/v Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS 700, kvað, að hann hefði lagt í umrædda veiðiferð hinn 6. apríl sl. Síðast hafi hann verið á veiðum á Sléttugrunni hinn 11. þ. m. og hafi verið haldið þaðan í vestur kl. 1500 þann dag. Ætlunin hafi verið að setja út botnvörpu, er komið væri vestur fyrir friðaða hólfíð út af Kögri. Ákærði kvað Lorantæki skips síns hafa verið illa stillt, „masterar“ stöðvanna hafi dottið út á milli 20 og 22 11. apríl og hafi sér ekki tekist að fá þá inn. Ákærði kveðst hafa verið í svefni, er flugvél Landhelgisgæslunnar kom að togaranum. Þegar hann hafi verið kallaður upp í brú, þá hafi botnvarpa skipsins verið í sjó, búið hafi verið að slaka gröndurum í hlera. Ekki kvaðst ákærði geta vefengt fyrstu tvær staðarákvarðanir gæsluvélarinnar, en þá 3. gæti hann staðfest sem rétta, því þá hefði verið búið að stilla Lorantæki skipsins. Hann hafi að boði skipherra TF-SÝR hið inn vörpuna, enginn fiskur hafi verið í henni, og ekki kvaðst hann hafa séð ánetjaðan fisk, en það sé fræðilegur möguleiki, að einhver fiskur hafi verið ánetjaður, því fiskurinn á Sléttugrunni hafi verið smár. Er varpan kom inn, hafi húðirnar verið öfugar í öðrum pokanum, en þær séu ljósar. Hann kvaðst hafa í öllu farið eftir boðum skipherra á TF-SÝR við að taka inn vörpuna.

Vitnið Ólafur Kristján Ólafsson, 1. stýrimaður á b/v Elínu Þorbjarnardóttur, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið við stjórn skipsins, er TF-SÝR flaug yfir skipið. Hann hafi verið nýbúinn að slaka vörpunni út og hafi verið að láta festa gröndurum í hlera, en hann hafi talið sig vera kominn vestur úr hólfinu, en Loraninn hafi verið vanstilltur og órólegur. Hann hafi síðan ályktað, að hann væri ekki kominn út úr hólfinu, og hafi ætlað að fara að láta hífa vörpuna inn aftur í sama mund og gæsluvélin flaug yfir skipið. Hann kvaðst þá hafa kallað skipstjórann, sem hafi komið upp í brú og þegar látið auka ferð skipsins, sem hafi verið um 4 mílur. Engan fisk kvað stýrimaður hafa verið í vörpunni, er hún var innbyrt, en hvort einhverjir fiskar hafi verið ánetjaðir, kvaðst hann ekki geta fullyrt um.

Fyrir dóminn kom vitnið Sveinn Sigurðsson, bátsmaður á b/v Elínu Þorbjarnardóttur. Hann kvaðst hafa verið við að slaka vörpunni út í umrætt sinn og hafi verið að slaka gröndurum út,

er TF-SÝR flaug yfir skipið. Engan fisk kveður hann hafa verið í vörpunni, er hún var dregin um borð.

Einnig mætti fyrir dóminum Sveinn Þorkelsson, háseti á b/v Elínu Þorbjarnardóttur, og kvað hann vörpuna hafa verið komna í sjó og gröndurum slakað, er TF-SÝR flaug yfir skipið. Engan fisk kvað hann hafa verið í vörpunni, er hún kom aftur um borð.

Álit dómsins.

Ljóst er með eigin framburði ákærða og vitna hér fyrir dómi, að ákærði var í umrætt sinn á skuttogaranum Elínu Þorbjarnardóttur, ÍS 700, innan svæðis þess, sem í ákæru greinir, þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar.

Einnig þykir sannað í málinu, að botnvarpa skipsins hafi verið í sjó innan hins friðaða svæðis í umrætt sinn. En hins vegar kveður ákærði, að skip sitt hafi alls ekki verið á veiðum í umrætt sinn. Hann kveður hlera vörpunnar hafa verið í gálgum. Framburðir skipverja styðja þennan framburð ákærða. Framburðir varðskipsmanna stangast ekki á við það, að hlerar hafi verið í gálgum, er komið var að togaranum í umrætt sinn. Ákærði ber, að enginn fiskur hafi verið í vörpunni, og styðst þar við framburð skipverja. Framburður áhafnar TF-SÝR er nokkuð ósamhljóða um þetta atriði, og verður að túlka vafa um þetta atriði ákærða í hag, sérstaklega ef tekið er tillit til, hve erfitt er að átta sig á aðstæðum í skini kastljósa á flugi í náttmyrkri. Styðst þessi framburður ákærða og við skýrslu skipverja á v/s Þór um þurrar fiskmóttökur. Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að ákærði hafi ekki verið að veiðum í umrætt sinn. Kemur því til álita, hvort um tilraun hafi verið að ræða, samanber 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hvort um afturhvarf frá tilraun hafi verið að ræða, sbr. 21. gr. sömu laga. Um þetta atriði liggur ekkert fyrir annað en framburður 1. stýrimanns togarans. Telja verður, að mjög rík sönnunarbyrði hljóti að hvíla á ákæruvaldinu í tilfelli sem þessu, sérstaklega ef tekið er tillit til þess, að um hlutlæga ábyrgð ákærða er að ræða. Verður því að telja, að ekki sé fram kominn full sönnun á, að um tilraun hafi verið að ræða. Verður því ekki talið, að ákærði hafi gerst brotlegur við þau ákvæði laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem í ákæru greinir, né um tilraun til brota á þeim ákvæðum.

Hins vegar hefur ákærði játað, að varpa skipsins hafi verið í sjó í umrætt sinn, sem er og í samræmi við önnur gögn málsins. Hafa því veiðarfæri b/v Elínar Þorbjarnardóttur, ÍS 700, ekki

verið í búlka innanborðs í umrætt sinn, svo sem skylt er samkvæmt 11. gr. laga 81/1976. Þykir því rétt, að ákærða verði dæmd refsing í samræmi við það samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 74/1974.

B/v Elín Þorbjarnardóttir, ÍS 700, er 375 brúttórúmlestir og 51.12 metrar að lengd. Samkvæmt skeyti Seðlabanka Íslands, dags. 12. apríl 1978, er gullgengi íslensku krónunnar þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 13.914.13 seðlacrónum. Þykir refsing ákærða samkvæmt 11. gr., sbr. 18. gr. laga 81/1976, sbr. 2. mgr., 2. tölul., 1. gr. reglugerðar nr. 415/1976, sbr. breytingu á þeirri reglugerð 263/1977, svo og 4. gr. reglug. nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 45/1974, hæfilega ákveðin 1.800.000 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 18. gr. laga 118/1976 eru ekki efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra.

Þar sem eigi er annað upp komið í máli þessu en ákærði hafi verið sofandi, er umrætt brot var framið, þykir eigi eiga að dæma ákærða til refsingar til vara, þar sem hann hafi eigi átt saknæman þátt í brotinu.

Rétt er, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 170.000.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Pétur Sigurðsson, greiði kr. 1.800.000 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, kr. 170.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.